

Sæll Kristófer

Ég óska eftir umsögn Sveitarstjórnar vegna umsóknar minnar um stofnun lögbýlis. Verið er að skipta jörðinni Ásólfstaðir 1 nr:166538 upp vegna erfða og er ég að kaupa landskika úr Ásólfstöðum 1 um 20 hektara, og óska eftir að hann verði sameinaður öðru landi sem ég á nú þegar nr:166536 en á þeirri lóð er íbúðarhús, vélageymsla, fjós og hlaða. Ég er með holdakýr og naut og hef verið með það í mörg ár og ætla mér að nýta landið til þess áfram. Það hafa verið af því ákveðin óþægindi að hafa þurft að nýta lögbýlisréttindi föður míns sem á Ásólfstaði 1 nr:166538 en búskapurinn á jörðinni er á minni hendi. Hér fylgja lóðablöð sem sýna það sem um ræðir.

kv

Jóhannes H Sigurðsson

Ásólfstöðum